

**Nr. 064 / 12 Jökull NS 73****Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6373  
Smíðaður: Flateyri 1982 plast  
Stærð: 4,6 brl. 4,2 bt.  
Mesta lengd: 8,32 m Skráð lengd: 7,85 m  
Breidd: 2,2 m Dýpt: 1,4 m  
Vél: Yanmar 140 kW 2004  
Fjöldi skipverja: 1



Jökull©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 29. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 19. júní 2012 var Jökull NS 28 á siglingu skammt sunnan Langaness. Veður: Logn

Skipstjóri var að kippa á veiðislóðinni þegar brestur kom frá drifi og ferðin datt niður en vélin gekk eðlilega. Þegar drifið var skoðað kom í ljós að festingar þess voru brotnar og það hafði sigið niður svo skiptiteinnin dróst úr sambandi og við það kúplaðist frá skrúfu.

Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og kom Hróðgeir hvíti NS 89 og dró hann Jökul NS til hafnar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að drifið er af Bravo II gerð en þau eru nokkuð efnismikil og þung en ekki er vitað hvort málmurinn hafi þann styrk sem sýnist;
- að sögn skipstjóra hafði gaffallinn brotnað að neðan og út að síðu en hékk á einni festingu hinu megin. Hann sagði að veður hafi verið mjög gott og ekkert reynt á búnaðinn. Hann hafi ekki orðið var við að hafa siglt á neitt eða fengið í skrúfunu á meðan hann hafi átt bátinn.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.